Reykjavík, 3. nóvember 2026
SFS23040076

Tillaga

Viðtakandi Skóla- og frístundaráð
Sendandi Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

Efni: Tillaga sviðsstjóra um breytingar á verklagi um meðferð umsókna og framlag vegna skólavistar nemenda í Arnarskóla, viðmið um hámarksfjölda ofl.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að samþykkt verði að viðmið um hámarksfjöldi nemenda með lögheimili í Reykjavík sem heimilt er að greiða framlag vegna til Arnarskóla verði sextán nemendur í stað ellefu.

Upphafsorð verklags um meðferð umsókna og framlag vegna skólavistar reykvíska nemenda í Arnarskóla er svohljóðandi:

> Samþykkt var þann 14. desember 2021 í skóla- og frístundaráði og í borgarráði þann 16. desember 2021[1] að hámarksfjöldi nemenda sem Reykjavíkurborg greiðir framlag vegna til Arnarskóla verði ellefu nemendur. Forgang eiga nemendur með lögheimili í Reykjavík sem nú þegar eru í Arnarskóla að því gefnu að uppfyllt séu skilyrði þessa verklags.

Lagt er til að upphafsorð verklags um meðferð umsókna og framlag vegna skólavistar reykvíska nemenda í Arnarskóla verði svohljóðandi:

> Samþykkt var þann 14. desember 2021 í skóla- og frístundaráði og í borgarráði þann 16. desember 2021 [tilvísun neðanmáls verður óbreytt], *sbr. jafnframt samþykkt skóla- og frístundaráðs [dags.] og borgarráðs [dags.]* að hámarksfjöldi nemenda sem Reykjavíkurborg greiðir framlag vegna til Arnarskóla verði *sextán nemendur*. Forgang eiga nemendur með lögheimili í Reykjavík sem nú þegar eru í Arnarskóla að því gefnu að uppfyllt séu skilyrði þessa verklags.

Lagt er til að gerð verði breyting á 1. mgr. 3. gr. verklagsins sem er svohljóðandi:

> Það er skilyrði greiðslu framlags til Arnarskóla að um sé að ræða nemendur með lögheimili í Reykjavík með verulega hamlandi þroskahömlun og/eða einhverfu ásamt alvarlegum atferlis- og hegðunarröskunum og/eða öðrum alvarlegum viðbótarröskunum s.s. íþyngjandi ofvirknishegðunarröskun og geðrænar raskanir.

Lagt er til að 1. mgr. 3. gr. verklagsins verði svohljóðandi:

> Það er skilyrði greiðslu framlags til Arnarskóla að um sé að ræða nemendur með lögheimili *og fasta búsetu* í Reykjavík með verulega hamlandi þroskahömlun og/eða

[1] sbr. jafnframt samþykkt borgarráðs, dags. 6. janúar 2022

einhverfu ásamt alvarlegum atferlis- og hegðunarröskunum og/eða öðrum alvarlegum viðbótarröskunum s.s. íþyngjandi ofvirknishegðunarröskun og geðrænar raskanir.

Lagt er til að gerð verði breyting á 5. gr. verklagsins sem er svohljóðandi:

> Í matsteyminu eiga sæti skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu, verkefnastjóri menntunar fyrir alla á fagskrifstofu grunnskóla, fulltrúi viðkomandi skólaþjónustu og fulltrúi frá einu af sérúrræðum Reykjavíkurborgar sem við á hverju sinni, Klettaskóla, Brúarskóla eða sérdeild fyrir nemendur með einhverfu.

Lagt er til að 5. gr. verklagsins verði svohljóðandi:

> Í matsteyminu eiga sæti skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu, verkefnastjóri menntunar fyrir alla á fagskrifstofu grunnskóla og fulltrúi skólaþjónustu.

Lagt er til að gerð verði breyting á verklaginu vegna umfjöllunar um samning við Arnarskóla en umfjöllunin er svohljóðandi:

> Þegar umsóknir hafa verið afgreiddar gerir skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar samning við Arnarskóla um greiðslu framlags.

Lagt er til að umfjöllun um samning við Arnarskóla verði svohljóðandi:

> Þegar umsóknir hafa verið afgreiddar gerir skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar samning við Arnarskóla um greiðslu framlags *vegna komandi skólaárs*.

Lagt er til að bætt verði við svohljóðandi lið í verklag um meðferð umsókna og framlag vegna skólavistar reykvískra nemenda í Arnarskóla:

> ***Fyrirvari***
>
> *Með samþykkt viðmiða um hámarksfjölda er ekki fallið frá óskilyrtum rétti sveitarfélagsins til að synja einstaka umsóknum foreldra um skólavist í grunnskóla utan lögheimilis sveitarfélagsins. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári og viðmið um fjölda háð því að fjárheimild sé til staðar.*

Í 2. og 3. gr. verklagsins eru gerðar breytingar á tilvísunum til upplýsinga á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

Breytingar taka gildi við samþykkt borgarráðs.

Greinargerð:

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 14. desember 2021 og í borgarráði þann 16. desember 2021, sbr. jafnframt þann 6. janúar 2022, var samþykkt verklag um meðferð umsókna og framlag vegna skólavistar reykvískra nemenda í Arnarskóla auk þess sem sett voru viðmið um hámarksfjölda nemenda sem heimilt var að greiða framlag vegna.

Með vísan til þess er fram kemur í verklaginu var gert ráð fyrir að hámarksfjöldi nemenda sem greitt væri framlag vegna yrði ellefu nemendur.

Á grundvelli verklagsins fjölgaði nemendum í fjórtán skólaárin 2023-2024, 2024-2025 og 2025-2026 vegna flutninga nemenda frá öðrum sveitarfélögum til Reykjavíkur en nemendurnir voru

fyrir lögheimilisflutningana að stunda nám við Arnarskóla. Vegna skólaársins 2026-2027 eru sextán nemendur með lögheimili í Reykjavík í Arnarskóla og orðið tímabært að taka ákvörðun um að varanlega verði heimilt að miða við þann hámarksfjölda.

Lagt er til að samræmis verði gætt milli orðalags 3. og 4. gr. verklagsins hvað það varðar að tiltekið verði að það er skilyrði að lögheimili *og föst búseta* sé í Reykjavík.

Jafnframt eru lagðar til breytingar á 5. gr. verklagsins hvað varðar þá sem sæti eiga í matsteymi.

Lagt er til að bætt verði við verklagið sjálft fyrirvara sem gerður var í upphaflegri samþykkt skóla- og frístundaráðs og borgarráðs.

Þá eru gerðar uppfærslur á tilvísunum vegna upplýsinga á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

Um Arnarskóla

Arnarskóli er sjálfstætt rekinn sérskóli fyrir börn með þroskafrávik. Skólinn býður upp á heildstæða skóla- og frístundaþjónustu fyrir börn með þroskafrávik á grunnskólaaldri. Í heildstæðri þjónustu felst að veitt er samfelld þjónusta allan daginn, allan ársins hring. Starf skóla, frístundar og sumarfrístundar er fléttað saman í eitt heildstætt úrræði. Lögð er áhersla á atferlisíhlutun þar sem atferlisfræðingar þjálfa starfsfólk og samræma vinnubrögð. Engin ákveðin greining er forsenda skólavistar og eru allar umsóknir teknar til athugunar.

Þar sem skólinn er staðsettur í Kópavogi hefur hann gert þjónustusamning við Kópavogsbæ og hefur fengið viðurkenningu sem einkaskóli á grunnskólastigi frá Menntamálastofnun en viðurkenningin byggir á þjónustusamningnum við Kópavogsbæ.

Upplýsingar um fjárhagsleg áhrif

Arnarskóli tekur gjald vegna skólavistar sem tekur mánaðarlegum breytingum samkvæmt launavísitölu sem gildir fyrir þann mánuð sem greitt er fyrir. Framangreindur kostnaður er greiddur af því sveitarfélagi sem nemandi á lögheimili í. Miðað er við átta tíma skólavist og frístundaþjónustu á dag en boðið er upp á þjónustu alla mánuði ársins.

Mánaðargjald Reykjavíkurborgar fyrir ágúst 2026 (upphaf skólaárs) er kr. 2.214.468, fyrir hvern nemanda til 12 mánaða. Samkvæmt núgildandi samningi við Arnarskóla er um að ræða heildarframlag til skólans vegna skólagöngu og frístundaþjónustu þeirra nemenda sem samningurinn nær til, til samræmis við einstaklingsnámskrá sem afhentar hafa verið skóla- og frístundasviði.

Heildargreiðsla til Arnarskóla vegna sextán (16) nemenda í tólf mánuði er því kr. 425.177.856,- (16 x 2.214.468 x 12) en að auki er greiddur viðbótar kostnaður vegna eins barns sem nemur einum starfsmanni kr. 10.035.852, (836.321 x 1 x 12 = 10.035.852,) Heildargreiðsla til Arnarskóla er því að lágmarki kr. 435.213.708,- á 12 mánaða tímabili.

Miðað við 16 nemendur skólaárið 2026-2027 þarf að endurskoða fjárheimildir sem nemur a.m.k. rúmlega 74 milljónum kr. Samningur fylgir launavísitölu og því er háður ákveðinni óvissu.

Að fenginni samþykkt borgarráðs vegna fjölgunar reykvíska nemenda er ráðgert að skóla- og frístundasvið geri samning við Arnarskóla til samræmis við verklagið.

Fyrir liggur umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 19. október 2026.

Útgjöldin þurfa að rúmast innan fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs.

Hjálagt:

Verklag um meðferð umsókna og framlag vegna skólavistar nemenda í Arnarskóla með breytingum merktum.

Verklag um meðferð umsókna og framlag vegna skólavistar nemenda í Arnarskóla

Umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 19. október 2026.

Reykjavík

Meðferð skóla- og frístundasviðs vegna umsókna í sjálfstætt rekinn sérskóla

Verklag um meðferð umsókna og framlag vegna skólavistar reykvíkskra nemenda í Arnarskóla.

Samþykkt var þann 14. desember 2021 í skóla- og frístundaráði og í borgarráði þann 16. desember 2021[1]*, sbr. jafnframt samþykkt skóla- og frístundaráðs [dags.] og borgarráðs [dags.] að hámarksfjöldi nemenda sem Reykjavíkurborg greiðir framlag vegna til Arnarskóla verði sextán ~~ellefu~~ nemendur. Forgang eiga nemendur með lögheimili í Reykjavík sem nú þegar eru í Arnarskóla að því gefnu að uppfyllt séu skilyrði þessa verklags.

Skilyrði umsóknar í Arnarskóla:

1. Foreldrar, þ.e. þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga nr. 76/2003, geta sótt um skólavist í sérskólann Arnarskóla fyrir barn sitt með lögheimili í Reykjavík, telji þeir, skólastjórnendur og aðrir sérfræðingar að barnið fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í almennum grunnskóla í Reykjavík.

2. Foreldrar sem óska eftir skólavist í Arnarskóla fyrir barn sitt geta óskað eftir að fram fari mat á stöðu nemandans í námi til samræmis við 9. tölulið í þessu verklagi áður en foreldrar sækja um í Arnarskóla. Óska þarf eftir slíku mati fyrir **1. febrúar** ár hvert. Sé niðurstaða mats sú að Arnarskóli sé það úrræði sem henti nemanda betur en aðrir skólar Reykjavíkurborgar, þ.m.t. Klettaskóli, sækja foreldrar um til Arnarskóla sem metur hvort skólinn geti mætt þörfum barnsins fyrir skóla- og frístundastarf. Telji skólinn að hann hæfi barninu leiðbeinir hann foreldrum um að þeir þurfi að sækja um á sérstöku eyðublaði og jafnframt fá samþykki Reykjavíkurborgar vegna greiðslu framlags til skólans. Skóla og- og frístundasvið Reykjavíkurborgar veitir leiðbeiningar sem birtar eru á heimasíðu Reykjavikurborgar. ~~https://reykjavik.is/thjonusta/serskolar.~~

3. Það er skilyrði greiðslu framlags til Arnarskóla að um sé að ræða nemendur með lögheimili og fasta búsetu í Reykjavík með verulega hamlandi þroskahömlun og/eða einhverfu ásamt alvarlegum atferlis- og hegðunarröskunum og/eða öðrum alvarlegum viðbótarröskunum s.s. íþyngjandi ofvirknishegðunarröskun og geðrænar raskanir.

   Arnarskóli er staðsettur utan Reykjavíkur og því ber að leggja fram árlega beiðni um skólavist í skólanum auk umsóknar um skólavist í grunnskóla í sveitarfélagi utan lögheimilis nemanda,sjá hér.

   ~~https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/umsoknir_pdf/beidni_um_namsvist_grunnskola_utan_logheimils.pdf~~

   Umsóknarfrestur vegna skólavistar utan sveitarfélags í Arnarskóla er til 1. mars árlega.

4. Ef umsókn berst eftir **1. febrúar** gefst foreldrum gefinn kostur á að halda umsókn sinni til umfjöllunar vegna næstu afgreiðslu skóla- og frístundaráðs og borgarráðs að ári. Óski foreldrar ekki eftir framangreindu er litið svo á að umsókn hafi verið afturkölluð. Undanþegnu framangreindu eru umsóknir foreldra vegna barna sem eru að flytja lögheimili sitt og fasta búsetu til Reykjavíkur og sem eru nú þegar í Arnarskóla. Umsóknir þeirra skulu teknar til meðferðar þá þegar af sérstöku matsteymi á skóla- og frístundasviði Reykjavíkur.

[1] sbr. jafnframt samþykkt borgarráðs, dags. 6. janúar 2022

Reykjavík

5. Sérstakt matsteymi leggur mat á þær beiðnir sem berast til skóla- og frístundasviðs.

   Í matsteyminu eiga sæti skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu, verkefnastjóri menntunar fyrir alla á fagskrifstofu grunnskóla og, fulltrúi ~~viðkomandi~~ skólaþjónustu. ~~og fulltrúi frá einu af sérúrræðum Reykjavíkurborgar sem við á hverju sinni, Klettaskóla, Brúarskóla eða sérdeild fyrir nemendur með einhverfu.~~

6. Matsteymi skóla- og frístundasviðs aflar nauðsynlegra gagna með samþykki foreldra og tekur mið af:

   - Hvort nemandi sé nú þegar í Arnarskóla.
   - Fyrirliggjandi greiningum um þroskaröskun barnsins til samræmis við 3. gr. í reglum þessum.
   - Mati á stöðu barnsins í námi og skólastarfi frá leik- eða grunnskóla. Í matinu skal taka tillit til aðstæðna nemandans og heildarhagsmuna hans, svo sem stöðu hans í einstökum námsgreinum, virkni hans og félagsstöðu og líðan í skóla. Gæta skal þess að nemandinn eigi þess kost að tjá sig um niðurstöður matsins og koma á framfæri sjónarmiðum sínum sem kostur er. Matsteymið kallar eftir matinu frá skóla/leikskóla nemandans og skólaþjónustu að fengnu samþykki foreldra og skulu þeim kynntar niðurstöður námsmatsins.
   - Mati annarra sérfræðinga/aðila sem hafa komið að málum sem varða leik- eða grunnskólagöngu barnsins.
   - Hvort aðstæður og möguleikar í skólanum/námshópnum séu líklegri til að stuðla að framförum hjá nemandanum náms- og félagslega og í almennum þroska.
   - Óskum foreldra og nemandans að teknu tilliti til aldurs og þroska.
   - Mati starfsfólks Arnarskóla á því hvernig aðstæður og möguleikar skólans séu líklegar til að hæfa þörfum viðkomandi barns og stuðla að framförum náms- og félagslega og í almennum þroska.
   - Lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerð um stuðning við nemendur sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010.

7. Starfshættir matsteymis eru eftirfarandi:

   - Matsteymið gætir að vandaðri stjórnsýslu, þar með talið jafnræðissjónarmiðum í störfum sínum við mat og afgreiðslu beiðna.
   - Matsteymið getur kallað til sín sérfræðinga um nám og skólagöngu barna með þroskafrávik og sérfræðinga varðandi þroskafrávik viðkomandi barns. Foreldrar skulu hafa kost á að hafa áhrif á val á sérfræðingum.
   - Matsteymið getur falið sérfræðingi úr teyminu að fylgjast með barninu í núverandi aðstæðum þess í leik- eða grunnskóla, með samþykki foreldra.
   - Séu beiðnir fleiri en fjöldi þeirra nemenda sem heimild er fyrir í skólann, forgangsraðar matsteymið beiðnum eftir því hve hamlandi skerðingar viðkomandi barns eru í námi og skólastarfi.
   - Afgreiðsla matsteymis skal liggja fyrir eigi síðar en **15. febrúar ár** hvert.

8. Afgreiðsla umsókna

Skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskóla tekur ákvörðun um hvort uppfyllt séu skilyrði samþykktar á grundvelli fyrirliggjandi gagna, upplýsinga og athugana matsteymis.

- Sé umsókn samþykkt af hálfu matsteymis tilkynnir skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskóla það í bréfi til foreldra og foreldrar sækja í framhaldi um í Arnarskóla.
- Sé lagt til að umsókn um skólavist verði synjað tilkynnir skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskóla það í bréfi til foreldra þar sem ákvörðun um fyrirhugaða synjun er rökstudd ítarlega. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun og tryggja þeim andmælarétt.
- Sé ákvörðun tekin um synjun að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum tilkynnir skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu það í bréfi til foreldra. Ákvörðunin skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Miðað er við að umsóknir vegna komandi skólaárs verði afgreiddar fyrir 20. maí ár hvert.

Samningur við Arnarskóla

Þegar umsóknir hafa verið afgreiddar gerir skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar samning við Arnarskóla um greiðslu framlags vegna komandi skólaárs.

Fyrirvari

Með samþykkt viðmiða um hámarksfjölda er ekki fallið frá óskilyrtum rétti sveitarfélagsins til að synja einstaka umsóknum foreldra um skólavist í grunnskóla utan lögheimilis sveitarfélagsins. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári og viðmið um fjölda háð því að fjárheimild sé til staðar.

Meðferð skóla- og frístundasviðs vegna umsókna í sjálfstætt rekinn sérskóla

Verklag um meðferð umsókna og framlag vegna skólavistar reykvíska nemenda í Arnarskóla.

Samþykkt var þann 14. desember 2021 í skóla- og frístundaráði og í borgarráði þann 16. desember 2021* að hámarksfjöldi nemenda sem Reykjavíkurborg greiðir framlag vegna til Arnarskóla verði ellefu nemendur. Forgang eiga nemendur með lögheimili í Reykjavík sem nú þegar eru í Arnarskóla að því gefnu að uppfyllt séu skilyrði þessa verklags.

Skilyrði umsóknar í Arnarskóla:

1. Foreldrar, þ.e. þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga nr. 76/2003, geta sótt um skólavist í sérskólann Arnarskóla fyrir barn sitt með lögheimili í Reykjavík, telji þeir, skólastjórnendur og aðrir sérfræðingar að barnið fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í almennum grunnskóla í Reykjavík.

2. Foreldrar sem óska eftir skólavist í Arnarskóla fyrir barn sitt geta óskað eftir að fram fari mat á stöðu nemandans í námi til samræmis við 9. tölulið í þessu verklagi áður en foreldrar sækja um í Arnarskóla. Óska þarf eftir slíku mati fyrir 1. febrúar ár hvert. Sé niðurstaða mats sú að Arnarskóli sé það úrræði sem henti nemanda betur en aðrir skólar Reykjavíkurborgar, þ.m.t. Klettaskóli, sækja foreldrar um til Arnarskóla sem metur hvort skólinn geti mætt þörfum barnsins fyrir skóla- og frístundastarf. Telji skólinn að hann hæfi barninu leiðbeinir hann foreldrum um að þeir þurfi að sækja um á sérstöku eyðublaði og jafnframt fá samþykki Reykjavíkurborgar vegna greiðslu framlags til skólans. Skóla og- og frístundasvið Reykjavíkurborgar veitir leiðbeiningar sem birtar eru á heimasíðu Reykjavikurborgar https://reykjavik.is/thjonusta/serskolar.

3. Það er skilyrði greiðslu framlags til Arnarskóla að um sé að ræða nemendur með lögheimili í Reykjavík með verulega hamlandi þroskahömlun og/eða einhverfu ásamt alvarlegum atferlis- og hegðunarröskunum og/eða öðrum alvarlegum viðbótarröskunum s.s. íþyngjandi ofvirknishegðunarröskun og geðrænar raskanir.

   Arnarskóli er staðsettur utan Reykjavíkur og því ber að leggja fram árlega beiðni um skólavist í skólanum auk umsóknar um skólavist í grunnskóla í sveitarfélagi utan lögheimilis nemanda,

   https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/umsoknir_pdf/beidni_um_namsvist_grunnskola_utan_logheimils.pdf

   Umsóknarfrestur vegna skólavistar utan sveitarfélags í Arnarskóla er til 1. mars árlega.

4. Ef umsókn berst eftir **1. febrúar** gefst foreldrum gefinn kostur á að halda umsókn sinni til umfjöllunar vegna næstu afgreiðslu skóla- og frístundaráðs og borgarráðs að ári. Óski foreldrar ekki eftir framangreindu er litið svo á að umsókn hafi verið afturkölluð. Undanþegnu framangreindu eru umsóknir foreldra vegna barna sem eru að flytja lögheimili sitt og fasta búsetu til Reykjavíkur og sem eru nú þegar í Arnarskóla. Umsóknir þeirra skulu teknar til meðferðar þá þegar af sérstöku matsteymi á skóla- og frístundasviði Reykjavíkur.

5. Sérstakt matsteymi leggur mat á þær beiðnir sem berast til skóla- og frístundasviðs.

   Í matsteyminu eiga sæti skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu, verkefnastjóri menntunar fyrir alla á fagskrifstofu grunnskóla, fulltrúi viðkomandi skólaþjónustu og fulltrúi frá

* sbr. jafnframt samþykkt borgarráðs, dags. 6. janúar 2022

einu af sérúrræðum Reykjavíkurborgar sem við á hverju sinni, Klettaskóla, Brúarskóla eða sérdeild fyrir nemendur með einhverfu.

6. Matsteymi skóla- og frístundasviðs aflar nauðsynlegra gagna með samþykki foreldra og tekur mið af:

- Hvort nemandi sé nú þegar í Arnarskóla.
- Fyrirliggjandi greiningum um þroskaröskun barnsins til samræmis við 3. gr. í reglum þessum.
- Mati á stöðu barnsins í námi og skólastarfi frá leik- eða grunnskóla. Í matinu skal taka tillit til aðstæðna nemandans og heildarhagsmuna hans, svo sem stöðu hans í einstökum námsgreinum, virkni hans og félagsstöðu og líðan í skóla. Gæta skal þess að nemandinn eigi þess kost að tjá sig um niðurstöður matsins og koma á framfæri sjónarmiðum sínum sem kostur er. Matsteymið kallar eftir matinu frá skóla/leikskóla nemandans og skólaþjónustu að fengnu samþykki foreldra og skulu þeim kynntar niðurstöður námsmatsins.
- Mati annarra sérfræðinga/aðila sem hafa komið að málum sem varða leik- eða grunnskólagöngu barnsins.
- Hvort aðstæður og möguleikar í skólanum/námshópnum séu líklegri til að stuðla að framförum hjá nemandanum náms- og félagslega og í almennum þroska.
- Óskum foreldra og nemandans að teknu tilliti til aldurs og þroska.
- Mati starfsfólks Arnarskóla á því hvernig aðstæður og möguleikar skólans séu líklegar til að hæfa þörfum viðkomandi barns og stuðla að framförum náms- og félagslega og í almennum þroska.

-Lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerð um stuðning við nemendur sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010.

8. Starfshættir matsteymis eru eftirfarandi :

- Matsteymið gætir að vandaðri stjórnsýslu, þar með talið jafnræðissjónarmiðum í störfum sínum við mat og afgreiðslu beiðna.
- Matsteymið getur kallað til sín sérfræðinga um nám og skólagöngu barna með þroskafrávik og sérfræðinga varðandi þroskafrávik viðkomandi barns. Foreldrar skulu hafa kost á að hafa áhrif á val á sérfræðingum.
- Matsteymið getur falið sérfræðingi úr teyminu að fylgjast með barninu í núverandi aðstæðum þess í leik- eða grunnskóla, með samþykki foreldra.
- Séu beiðnir fleiri en fjöldi þeirra nemenda sem heimild er fyrir í skólann, forgangsraðar matsteymið beiðnum eftir því hve hamlandi skerðingar viðkomandi barns eru í námi og skólastarfi.
- Afgreiðsla matsteymis skal liggja fyrir eigi síðar en 15. febrúar ár hvert.

9. Afgreiðsla umsókna

Skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskóla tekur ákvörðun um hvort uppfyllt séu skilyrði samþykktar á grundvelli fyrirliggjandi gagna, upplýsinga og athugana matsteymis.

- Sé umsókn samþykkt af hálfu matsteymis tilkynnir skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskóla það í bréfi til foreldra og foreldrar sækja í framhaldi um í Arnarskóla

- Sé lagt til að umsókn um skólavist verði synjað tilkynnir skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskóla það í bréfi til foreldra þar sem ákvörðun um fyrirhugaða synjun er rökstudd ítarlega. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun og tryggja þeim andmælarétt.
- Sé ákvörðun tekin um synjun að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum tilkynnir skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu það í bréfi til foreldra. Ákvörðunin skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Miðað er við að umsóknir vegna komandi skólaárs verði afgreiddar fyrir 20. maí ár hvert.

Samningur við Arnarskóla

Þegar umsóknir hafa verið afgreiddar gerir skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar samning við Arnarskóla um greiðslu framlags.

Viðtakandi: Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs
Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Reykjavík, 19. október 2026
SFS23040076

UMSÖGN

Vegna tillögu um breytingu á viðmiði um hámarksfjölda reykvískra nemenda í Arnarskóla og gerð samnings

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um tillögu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs þess efnis að hámarksfjöldi reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til Arnarskóla verði hækkaður úr fjórtán nemendum í sextán nemendur og að skóla- og frístundasviði verði falið að gera árlegan samning við skólann á þeim grundvelli.

Samþykkt var þann 14. desember 2021 í skóla- og frístundaráði og í borgarráði þann 16. desember 2021 að Reykjavíkurborg greiddi framlag vegna allt að ellefu nemenda í Arnarskóla. Á grundvelli þess verklags sem þá var samþykkt fjölgaði nemendunum í fjórtán vegna flutnings nemenda frá öðrum sveitarfélögum til Reykjavíkur, en þeir stunduðu nám við skólann fyrir lögheimilisflutninginn. Fjárheimildir vegna fjölgun nemanda í fjórtán voru samþykktar á fundi borgarstjórnar 12. desember 2023.

Arnarskóli er sjálfstætt rekinn sérskóli fyrir börn með þroskafrávik og veitir samþætta skóla- og frístundaþjónustu allan ársins hring. Skólinn er staðsettur í Kópavogi og starfar á grundvelli þjónustusamnings við Kópavogsbæ og viðurkenningar stjórnvalda.

Samkvæmt drögum að samningi nemur mánaðarlegt rekstrarframlag Reykjavíkurborgar kr. 2.214.468 fyrir hvern nemanda miðað við ágúst 2026. Fyrir sextán nemendur nemur heildarkostnaður skólaárið 2026-2027 að lágmarki kr. 425.177.856. Að auki er greidd sérstök viðbót vegna eins nemanda sem þarfnast aukins stuðnings, kr. 836.321 á mánuði eða allt að kr. 10.035.852 á skólaárinu. Heildargreiðsla samkvæmt samningnum getur því numið að lágmarki kr. 435.213.708 á tólf mánaða tímabili. Framlagið tekur jafnframt breytingum í samræmi við launavísitölu.

Umsögn

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur rýnt fyrirliggjandi kostnaðarmat. Miðað við þær forsendur sem fram koma í málinu er áætlaður árlegur kostnaðarauki vegna fjölgunar um tvo nemendur 53,1 m.kr. fyrir skólaárið 2026–2027 (2 × 2.214.468 kr. × 12 mánuðir). Gildistími nýs samnings er frá ágúst 2026 og nemur kostnaðaraukinn vegna síðustu fimm mánaða ársins 2026 22,1 m.kr. (2 × 2.214.468 kr. × 5 mánuðir). Ekki er gert ráð fyrir þeim kostnaðarauka í fjárhagsramma ársins 2026. Kostnaðaráætlunin er háð þróun launavísitölu og getur heildarkostnaður því tekið breytingum á samningstímanum.

Reykjavík

Fjármála- og áhættustýringarsvið bendir á að kostnaðaraukann skal samkvæmt 4. grein *Reglna um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg* (REG-0941) fjármagnaður innan fjárhagsramma sviðsins, af svigrúmi sem sviðinu ber að hafa vegna ófyrirséðra útgjalda innan úthlutaðra fjárheimilda. Svigrúm er jafnframt unnt að skapa með öðrum hætti, svo sem með aðhaldi í rekstri, tilfærslu fjárheimilda, endurskoðun á þjónustustigi eða breyttri forgangsröðun verkefna.

Fjármála- og áhættustýringarsvið gerir ekki athugasemd við samninginn að því gefnu að nauðsynlegar fjárheimildir séu tryggðar.

Virðingarfyllst,

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri
fjármála- og áhættustýringarsviðs

Reykjavík